× ×

Old Chum

CUT PLUG.

OLD CHUM

PLUG.

„Engin tóbakstegund hefir selzt jafnfljótt og fengið eins mikla almennings hylli á jafn stuttum tíma, sem þessi tegund af Cut Plug og Plug Tóbaki.

S. Ritchie & Co

MONTREAL.

× ×

DOMINION-LÍNAN

selr **farbrjef** frá Íslandi til Winnipeg

fyrir fullorðna (yfir 12 ára) $40
— unglinga (5—12 —) $20
— börn — — (innan 5—) $14

Þeir sem vilja senda fargjöld heim, geta afhent þau hr. ÁRNA FRIDRIKSSYNI kaupm. í Wpg., eða Mr. JÓNI ÓLAFSSYNI ritstj. í Wpg., eða Mr. FR. FRIDRIKSSYNI kaupm í Glenboro, eða Mr. MAGN. BRYNJÓLFSSYNI málflutningsmanni í Cavalier, N. D.—Þeir gefa viðr kenning fyrir peningunum, sem lagðir verða hér á banka, og útvega kvittun hjá bankanum, sem sendandi peninganna verður að senda mér heim. Verði peningarnir eigi notaðir fyrir farbréf, fást þeir útborgaðir aftr hér.

Winnipeg, 17. September 1892.

Steinn Brynjólfsson
umboðsmaðr Dominion-línunnar á Íslandi.

Mr. B. L. Baldwinson hefir skipu Canadastjórnarinnar til að fylgja farþegjum *þessarar* linu.

— Athugið. —

Pósturinn milli **West Selkirk** og **Icelandic River** fer frá Selkirk kl. 7 á hverjum þriðjudagsmorgni og kemr til Icelandic River á miðvikudagskveld. Fer frá Icel. River á leið til Selkirk kl. 7 hvern fimtudags morgun, og kemr til Selkirk á föstudags kveld.

Fargjald verðrið sama og áðr hefir verið. Upplýsingar viðvíkjandi flutningi með póstvagninum frá og til Selkirk fást hjá

GEO. DICKINSON og
CHR. WATERSON
sem flytr póstinn.

að lifa af sínum hlut. Alt svo, eftir hlutarins eðli: því fleiri verzlunarmenn gagnvart vorri félagshugmynd, því ómögulegra að gefa góða prísa. 2. Að því fleiri slíkir verzlunmenn—víxlarar, því færri framleiðendr; einnig er tap þar, því allir vita, að því meiri framleiðsla gagnvart þörf (eftirspuru), því lægra verð.

Ranglætið gagnvart þessum mönnum, með því að draga úr höndum þeirra, þeirra verzlun yfir til almenns fél., eins og vort fél. er, er eiginlega í því fólgið, að koma þeim til að vinna mannfélaginu, framtíðinni, eftirkomendunum, svo þeirra sem annara og sjálfum þeim meira gagn, en þeir hefðu getað unnið á annan hátt, með því að gera þá að fremleiðendum.

Enginn taki orð mín svo, að ég með línum þessum vilji gera nokkrum einstökum manni, svo sem t. d. verzlunarmönnunum íslenzku í Winnipeg né nokkrum öðrum skaða. Nei, það er svo langt frá að ég vilji það; slíkt þyrfti heldr ekki að eiga sér stað fyrir tilveru fél. vors, þótt afleiðingin yrði sú með tímanum, að það dragi til sín alla þeirra verzlun, ef að eins að þeir sjálfir ekki baka sér slíkt með of stífu íhaldi gegn fél. og óvingan við það.

En menn gæti þess vel, að það er nál. áreiðanlegt, að fél. nær tilgangi sínum fyrr eða seinna, vegna þess, að tilgangrinn er ómetanlegr. En því *fyrr*, sem það verðr, því *betra* í öllu tilliti.

St. B. Johnson.

Gimli-ritarinn að „Lögbergi".

Í Lögb. stendr 2. Marz þ. á. greiu frá fréttaritara blaðsins á Gimli. Með því að sú grein gengr sérstaklega út á það að sverta mig sem kennara hér við skólann og aðra góða drengi, er fréttaritarinn öfundar af því að vera heiðarlegir menn, þá neyðist ég til að svara þeim þrekkáburði fáeinum orðum. Ekki er það svo að skilja að ég þykist vera neinn þjóðfélagsfaðir, en fulla von hefi ég um að herma ekki svo eftir fréttaritaranum, að þau verði föðrlaus þau afkvæmi, sem ég kann að framleiða.

Jafnvel þótt greinin sé ekki svo kurteislega rituð, að almennilegt fólk sé ómannskemmt af að svara öðru eins slúðri, verð ég að gegna brigzlyrðum þeim, sem beint er þar að mér og inu svonefnda mentafélagi. Tilgangr þess félagsskapar var, að æfa menn í ritsmíðum og ræðuhöldum og öðru því, er að andlegri fræðslu lítr. Fréttaritinn þjónar fyllilega sannleiksást sinni, er hann segir, að dansar hafi tíðkazt á fyrstu fundum félagsins. Hefir hann það eitt til síns máls, án þess líklega að hann láti sér á miklu standa á hverju orð hans eru bygð, að félagsstofnunarhugmyndin var fyrst vakin á danssamkomu, og svo hafði fundarhúsið sama kveldið, sem félagið var stofnað, verið lofað fáeinum unglingum til þess að hafa þar „party", þegar fundarmenn væru búnir að nota það til sinna þarfa. Degar svo að einn félagsmaðr, opinberaði mönnum á næsta fundi banaráð þau, er búið væri að brugga félaginu þegar í fæðingu þess, og bar fram þá uppástungu, að félagið fyrirbyði dans í húsinu á fundarkveldum; þá varð ég til þess að mótmæla svona lagaðri uppástungu, og vildi að félagið fengi húsið um svo langan tíma að kveldinu, að það gæti í þegja dahljóði útbolað öll ósnur af not þess í sömu skifti. Samt sem áðr var uppástungan samþykt, því nær í einu hljóði, og hefði fréttaritarinn átt að geta verið ánægðr með þau málalok, en svo er þó ekki að sjá, því að annaðhvort honum eða hans líkum, eða hvorttveggja, hefir tekizt svo dásamlega að draga hér úr áhuga almennings fyrir þessu fyrirtæki, að ekki hefir orðið komið á félagsfundi nú tvívegis; er það öll sú hluttaka, sem hann mun eiga í þessu málefni, og getr hver virt hana sem hann vill. En ekki þarf ritarinn að hlakka hátt yfir þeim dugnaði sínum, því að líttið betr mun hafa gengið með félagsskap þann, er hann barðist við að mynda hér í fyrra í því skyni að bola Lögb sem mest út úr þessu bygðarlagi; er næsta undarlegt, að að hann skuli aldrei hafa samið blaðagrein um þann spriklandi sálardans, er hann steig hljóðfæralaust um þær mundir.

Þar sem ritarinn er svo einstaklega holmikill yfir því, að sér sé að mæta viðvíkjandi uppfræðslumálum, sýnir hann einkennilegan belging, úr því að hann ekki er svo menni legr að láta sjást hver hann er; það líka fýsir líklega ofboð fáa að kynna sér nærri annari eins gorvömb, enda þótt fæstir þyrftu að hræðast slíkan mentamann. Sem sýnishorn af ritsmíðum hans mætti nefna í síðustu grein hans þessa setningu: „Þá má ekki gleyma því, að búið er að stofna félag á Gimli, sem heitir „Mentafélag Gimlibúa", fyrsti prófessor er B. Anderson, og heldr það fundi einu sinni í viku", etc. Hvors þetta „það", sem heldr fundina, er B. Anderson eða Mentafélag Gimli búa, er ekki gott fyrir aðra en greinarhöfundinn að sjá á orðabendunni sjálfri.

Hvað mikinn vesaldar „humbugist" sem hann segir mig, vil ég hundraðsinnum heldr vera það, en sá ópolandi „hypocrite", sem hann má til með að vera, til þess að kviksetja ekki sjálfan sig gjörsamlega. Annars væri gaman að fá að vitja, hverjir fantarnir eru, sem hann talar um; geta sumir sér til, að það kunni að eiga við einhvern þann, er almenningsálitið meingar með, að hafa eyðilagt orðstýr fóstrbarns síns, í því trausti, að náungi inn myndi ekki komast að slíku svo árum skifti. Sé tilgáta þessi ekki rett, væri einstaklega vel gert af ritaranum að útskýra, hvar slettur hans eiga við, og setja svo nafnið sitt neðan undir, svo að hann yrði ekki lengr tekinn fyrir einhverja ósýnilega vætt, sem öllum fyndist þýðingarlaust að fást nokkuð við.

Gimli, 16. Marz 1893.

Jóhann P. Sólmundarson.

Svar.

Það kemr nokkuð skoplega út hjá ritstjóra-nefnu Lögbergs, að þrátt fyrir það að honum dettr ekki í hug að svara nema minsta partinum af því, sem stendr í minum eina dálki í *Heimskringlu*, þá teygist samt svo úr þessu litla, án þess hann minnist *einu orði* á aðalmálið, að hann útbíar meira en tvo dálka í Lögbergi með lyga-spýju, sem hann eins og hungraðr rakki hefir gleypt úr félagsbræðrum sínum, því mest af því, sem hann er að þvogla um, er málefni, sem hann ekkert veit um persónulega, nema af frásögn þeirra manna, sem eru alræmdir meðal Íslendinga og jafnvel meðal annara að stórkostlegasto óáreiðanlegleika til orða og verka. En eins og alþekt er, þegar þessir félagar verða fyrir heimaskítsmáti, eins og þeir greinilega hafa orðið fyrir í þessu máli, þá gripa þeir til sinna margútslitnu vandræða, að útbreiða lygi og róg um mótstöðumenn sína.

Ritstjóra-nefnunni til hugfróunar ætla ég í þetta sinn að minnast á fáein atriði í þessari „löngu-vitleysu" hans.

Það sem ritstjóra-nefnan segir um viðskifti mín og Lögbergs, er að mestu staðhæfulaus ósannindi. Orsökin til þess að ég leiddist til að skrifa mig fyrir hlutum í Lögbergi var sú, að einn af stærstu eigendum þess kvaðst mundi ljá conservetiv-flokknum fylgi sitt og blaðsins við þá í hönd farandi sambandsþingskosningar. En um það sveikst hann, eins og flestum er kunnugt. Það var fyrst þá, eftir að ég fékk sanna fregn, bæði frá honum sjálfum og öðrum, sem áreiðanlega vissu um málið, hversu viðbjóðslegir og ósamboðnir hverjum heiðvirðum Íslendingi þeir skilmálar vóru, sem hann áskildi sér fyrir hönd landa sinna af hendi conservativ-flokksins, að ég ásetti mér að styrkja ekki *Lögberg* framvegis.

Hvenær hefi ég unnið með *liberal*-flokknum? Aldrei. Fyrstu afskifti mín af kosningum vóru 1891 með *conservativ*-flokknum. En þó að ritstjórinn ímyndi sér að allir hljóti að vera eins nafntogaðir pólitískir vindhanar, eins og mattarstólpar *Lögbergs*, kemr mér ekki við.

Það eru einnig staðhæfulaus ósannindi að ég hafi verið keyptr að fara norðr til Nýja Íslands; nema hvað ég fór norðr sem kosninga-fulltrúi (*scrutineer*) af hendi þingmanns Ross við kosningarnar, en lygi er það, að ég rédist til þessa í sömu ferðinni og ég skrifaði mig fyrir hlutum *Lögbergs*.

Hvenær hafa þeir Á. Fr. og Sigtr. Jónasson útvegað mér atvinnu? Ábyrgðin, sem ritstjórinn er að telja eftir að þessir menn hafi gengið í fyrir mig, er þannig lögð, að skömmu eftir að Lárus heitinn bróðir minn dó, útnefndi skiftaréttr fylkisins mig fjárhaldsmann fyrir ómyndugan erfingja bróður míns sál, en ákvað, sem lög gera ráð fyrir, að ég setti ábyrgð fyrir fjárhaldinu. Þessir herrar vóru þá viljugir að ljá nöfn sín til þess, eins og flestir mundu gert hafa og daglega á sér stað og engir telja eftir. Menn þurfa svo oft að fá ábyrgðarmenn til þess að geta haft á hendi ýmsa starfa í þessu landi, t. d. embættismenn í Good Templara stúkunum okkar þurfa að hafa ábyrgðarmenn og fá þá vanalega umtalslaust og eftirtölulaust.

Peningaspursmál mitt við Lögberg stendr þannig:

Ég borgaði þeim $10; skuldaði þeim kring um $4; átti eftir hjá þeim $6, sem ég *gaf* Lögbergingum eftir beiðni sjálfra þeirra.

Að ritstjórinn heldr að ég hafi lofað að taka hlutina í *Lögbergi* af persónulegri velvild við eigendr þess, sannar einmitt það sem ég lét í ljósi viðvíkjandi gagnsemi blaðsins, í síðasta svari mínu til hans. En það kemr nokkuð leiðinlega fyrir, að ritstjórinn sjálfr skuli opinberlega játa, að hann ímyndi sér að það sé eingöngu fyrir persónulega velvild við forstöðumenn þess að menn styrkja það. „Sá er fuglinn verstr" o. s. frv.

Ritstjórinn fyrirgefr, þó ég vilji ekki hafa mig til að tína upp óþverra úr hans háðulega lífsferli og bera á borð fyrir almenning, enda væri það að taka fram fyrir hendr á honum sjálfum; hann auglýsir sig svo aðdáanlega í dálkum Lögbergs, að nokkur viðbætir í þá átt væri að bera í bakkafullan lækinn. Ég mun því reyna að leiða þá vanka-rolu hjá mér framvegis að svo miklu leyti sem mögulegt verðr.

Það lítr út fyrir, að ritstjórinn hafi fengið sára öfundar-stingi í sig þegar hann sá, að séra Matth. samskotin gengu svo mæta vel, og að Íslendingum yfir höfuð dettr ekki í hug að taka minsta mark á öðru eins þvættings-rugli, eins og E. H. hefir rutt úr sér gagnvart samskotunum, og þótt hann engist allr saman í kvalakeng út af óförum sínum í þessu máli, er það vesöl meinabót fyrir hann, að sloka í sig meira af spýju úr þeim mönnum, sem sinna hagsmuna vegna vilja þenja hann út með svoleiðis góðgæti.

Það yrði ef til vill ómetanlegr hagr fyrir ritstjórann, að hafa þau holl ráð næst, þegar honum verðr bumbult af slefjunni úr stallbræðrum sínum, að æla henni heldr upp í lúkur sínar og láta í vasa sinn, en að spýta henni út um áðr slorugar síður Lögbergs, almenningi til andstygðar og athlægis og sjálfum sér til verulegrar háðungar; því vel getr átt sér stað, að einhver verði til þess, að nudda honum sem öðrum óþrifa hvolpi í sínu eigin spýju, svo að hann yrði þó enn þá óþverralegri og ógeðslegri eftir en áðr.

JÓH. HELGASON.

Einn af nafngreindustu rökurum þessa bæjar, Mr. *W. Starr* er um undanfarandi tíma hefir unnið á Kelly's og Clarendon rakarastofum, er nú byrjaðr að vinna hjá S. J. Scheving.

„EL PADRE"
PINS.
[10]

Hefurðu reynt
„CABLE EXTRA"
VINDLA?
[9]

HIN
Alkunna Merking
"MUNGO"
"KICKER"
"CABLE."

Er hvervetna viðrkend að vera í öllu tilliti betri en allrr aðrar tóbakstegundir. In stórkostlega sala þessarar tóbakstegundar sannar betur gæði hennar og álit en nokkuð annað, því þrátt fyrir það þótt vér höfum um *hundrað tuttugu og fimm* kepplnauta, eykstþó salan stöðugt Þetta mælir með brúkun þessa tóbaksbetr en nokkuð annað. Vér búum ekki til *ódýra* vindla.

S. DAVIS & SONS
MONTREAL.
Mesta og bezta vindlagerðahus í Canada. [7]

„EL PADRE"
Reina Victoria.
[11]

Vjer lifum a framfara old.

AUGNAMID VORT ERU UMBÆTUR!
Og ekki aftrior.

In nýja merking vor
CABLE EXTRA
er sérstaklega góð og vér leyfum oss að mælast til þess, að tóbaksmenn reyni hana svo þeir geti sannfærst um að framburður vor er sannur.

S. DAVIS & SONS.
No. 14]

tókum við upp farangr okkar, tvílæstum svo dyrum og fórum að sofa.

Næsta morgun höfðum við alt til búið, og með því að bréfin komu ekki með póstinum, eins og nærri má geta, þá máttum við til að halda kyrru fyrir í bænum. Gestgjafinn skaut því að mér, að þau væru allmargir, sem langaði til að finna húsbónda minn að máli. Ég lofaði að segja honum frá því, en gat þess um leið, að það yrði að aðvara þá, sem kæmu, um það, að annaðhvort yrðu þeir að bjóða spámannunum gullpeninga,—eða þá alls ekkert. Ég kom svo aftr og lét gestgjafann vita, að húsbóndi minn væri fáanlegr til að veita áheyrn svo sem einum eða tveimr, en alls ekki fleirum.

Við höfðum nú auðvitað með okkr talsvert af áhöldum til afnota, þegar svo henti; en það þótti ráðlegast að láta alt vera sem einfaldast og látlausast svona í fyrstu. Melkíor settist því við stórt borð, og var á það breiddr svartr dúkr ofinn kynlegum myndum; fyrir framan hann var bók með ókennilegu letri, og gulltypptr töfrasproti úr fílbeini hjá. Tímóteus stóð við dyrnar og bar hann rómverskt stuttsverð við belti sér; en ég stóð lotningarfullr fyrir aftan stól ins mikla Aristodemusar.

Fyrsti heimsækjandi, sem áheyrn var veitt, var kona bæjarstjórans; var það svo heppilegt sem orðið gat, því að við vissum öll deili á þeim hjónum út í æsar; því að það er ávalt nóg umtal um fólk í tignini-stöðu. Aristodemus veifaði hendinni og kom ég þegar þegjandi fram með stól handa henni og benti henni að setjast. Aristodemus horfði framan í hana um hríð, fletti svo nokkrum blöðum í bók sinni unz hann staðnæmdist við eina blaðsíðu og horfði lengi á hana með athygli.

„Hvað vilt þú mér, bæjarstjóra-frú?"

Henni varð hverft við og folnaði. „Ég ætlaði að spyrja . . . . . ."

„Ég veit það; þú vildir vist að mörgu spyrja, ef ég hefði tíma til að hlusta á þig. Meðal annars munt þú vilja spyrja, hvort það sé nokkur vegr til þess að þú getir fætt bónda þínum lífserfingja. Er það ekki rétt?"

„Jú, það er satt", svaraði konan og náði varla andanum.

„Ég sé það í þessari bók. En ég verð að spyrja þig að einni spurningu: Getr

hugsjúk mjög og eiga mjög bágt— „og ég get ekkert boðið yðr", mælti hún, „nema þennan hring. Getið þér sagt mér, hvort hann er enn á lífi?" sagði hún og kom upp grátrinn hjá henni um leið; „en ef þér eruð ekki gæddr þeirri gáfu, sem þér þykizt hafa, þá ræðið ekki fátæka einstæðings-konu, en látið mig heldr fara svo búna".

„Hvenær fenguð þér síðast bréf frá honum?"

„Það eru nú sjö mánuðir síðan—það var skrifað frá Bahia", svaraði hún, dróg bréfið upp úr vasa sínum og þurkaði sér um augun með vasaklútnum. Hún hafði lagt bréfið svo á borðið, að utanáskriftin snéri niðr. Melkíor sætti lagi og snéri því við og las utanáskriftina meðan hún var að þurka sér um augun, en setti bréfinu jafnskjótt við aftr.

„Mrs. Watson", sagði hann.

„Guð almáttugr komi till Vitið þér, hvað ég heiti?" kallaði konan upp yfir sig.

„Mrs. Watson; ég þarf ekki að lesa bréf sonar yðar — ég veit, hvað í því stendr". Svo fletti hann nokkrum blöð-

legr væri þangað innan hálfrar stundar.

Allir í bænum vóru búnir að heyra af inum mikla Aristodemusi, svo að allir vóru forvitnir að fá að vita meira um hann, og flýktust menn því utan um Timóteus, að spyrja hann spjörunum úr. En hann kvaðst að eins vera sendisveinn ins mikla manns og vita ekki annað um hann en það, sem hann hefði heyrt aðra segja. En það sem hann hafði heyrt aðra segja, var alveg undrunarvert, eftir því sem Timóteusi sagðist frá. Hann var rétt að eins búinn að velja úr beztu herbergin í gestgjafahúsinu þegar Melkíor kom. Hann var í síðum flaksandi silkikyrtli, hafði hárkollu á hefði með silfrhvítu hári síðu, feiryrnda húfu og tvíbrugðna eða þríbrugðna gullkeðju um hálsinn; var það góðr dulbúningr; með honum var ég, búinn sem þýzkr, stúdent, hafði ég hárkollu, með brúnum hárlokkum, er féllu mér niðr á axlir; við ókum í hálfþöktum léttvagni með fjórum reykjum fyrir; ókum við upp að dyrum gestgjafahússins og fórum svo hart, að hvert hús í strætinu hristist, og komu mannahöfð út í alla glugga, til að sjá, hvað óvenjulegt gengi á; því að bærinn var ekki stór,